

- og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
- e) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
  - d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í taumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
  - e) Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
  - f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir-mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé í Önundarfirði starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir þar, sé um minni háttar brot í fyrsta sinn að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hundinn þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt í Önundarfirði eða sé um að ræða alvarlegt brot eða í trekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. febrúar 1974.*

**F. h. r.**

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið.

Stöðvunarskylda verður við eftirfarandi gatnamót:

- a) Á Hagamel við Hofsvallagötu.
- b) Á Bústaðavegi við Reykjanesbraut.
- c) Á Álfabakka við Reykjanesbraut.
- d) Á Skeiðarvogi við Langholtsveg.

Framangreindar reglur taka gildi 1. mars 1974.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 18. febrúar 1974.*

**Sigurjón Sigurðsson.**